


Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Krosseyri í Geirþjófsfirði



Atli Rúnarsson

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 22-22

Nóvember 2022

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Nóvember 2022
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 22-22	Verknúmer: 634	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Krosseyri í Geirþjófsfirði.		Blaðsíður:
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir:
Útdráttur Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrirhugaðra framkvæmda á Krosseyri í Geirþjófsfirði.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, deiliskipulag, Krosseyri, Geirþjófsfjörður		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Krosseyri, Geirþjófsfjörður.
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:


EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	1
3. AÐFERÐAFRÆÐI	2
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA	4
4. SAGA KROSSEYRAR.....	4
5. HEIMILDASKRÁ	7
6. FORNLEIFASKRÁ.....	8
7. NIÐURSTÖÐUR.....	26
8. KORT	29

1. INNGANGUR

Að beiðni Tobias Klose gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna deiliskipulags vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Krosseyri í Geirþjófsfirði. Skráningarsvæðið var um 4.2 ha. og á því voru skipulagðir sex byggingareitir sem eru samtals í kringum 47 þúsund fermetrar, þó er leyfð stærð bygginganna töluvert minni.¹


Vettvangsrannsókn fór fram þann 11. september 2022 og fóru fornleifafræðingarnir Atli Rúnarsson og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir á vettvang. Atli sá um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1 - Kort af skráningarsvæðinu, fengið úr deiliskipulagi Vesturbyggðar

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Í deiliskipulaginu var sagt að skipulagssvæðið væri um 4.2 ha að stærð og er staðsett á Krosseyri við Geirþjófsfjörð. Landið hallar til suðurs og er grösugur mói, ásamt birkikjarri, víði og lyngi. Nokkrar tóftir og aðrar mannvistarleifar séu á svæðinu. Á svæðinu eru skipulagðir sex byggingarreitir og eru nokkrar af skráðu minjunum innan þeirra en farið verður betur yfir það í niðurstöðu kaflanum.



Mynd 2 - Staðsetning Krosseyrar merkt inn á Íslandskort með gulri stjörnu

¹ Sjá deiliskipulag Vesturbyggðar fyrir Krosseyri: <https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2022/05/krosseyri-deiliskipulag-tillaga-01.pdf>

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

Engin fornleifaskráning hafði farið fram áður á svæðinu.

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega-

og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2834 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2834-001.

4. SAGA KROSSEYRAR

Elsta örugga heimild um Krosseyri var frá árinu 1570 og er reikningur í Gíslamál-dögum og þar var sagt að jörðin hafi verið í eigu Selárdalskirkju.² Þó var sagt frá atburðum sem mögulega áttu sér stað á Krosseyri á 13. öld í Sturlunga sögu, eða nánar til tekið Arons sögu Höskuldssonar. Aron hafði verið gerður að útlaga af Sturlu Þórðarsyni og mun hann hafa falið sig á Krosseyri, sem er kölluð Geirþjófsfjarðareyri



Mynd 3 - Naust 2834-016. Hér er sagt að Aron Hjörleifsson hafi verið að gera að bát sínum þegar ráðist var á hann.

í sögunni, á meðan hann var í útleigð. Hann mun hafa verið að gera að bát sínum í nausti á Eyrinni þegar þrír alvopnaðir menn komu ríðandi að honum og á Aron að hafa felld einn þeirra og hinir þá flúið. Kvæði var ort um þennan bardaga:

Átt hefr Aron hættan
eggja fund við seggi,
stál klauf styrjar deilir
stirð í Geirþjófsfirði.
Rjóðr hljóp rimmu klæða
Rínar logs að tíni,
otrs veitti börr bitran
bana gjalda Rögnvaldi.³

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 514

³ Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn, 1946, bls. 263-264

Sigurður Vigfússon var á Krosseyri árið 1882 og taldi hann að Aron hafi verið að gera að bát sínum í naustinu sem sést enn til á Krosseyri um 40m NV við bæinn og fékk í þessari skýrslu skráningarnúmerið 2834-016.⁴

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið í kringum 1703, var sagt að Krosseyri væri einnig kallað Eyri. Jörðin var þá enn í eigu Selárdalskirkju og sagt var að bænhús hafi verið á jörðinni til forna en engin merki sáust lengur um það. Þó væri einn kofi í túninu sem var byggður upp úr tóftarbroti sem var kallað bænhúsatóft. Jarðar-dýrleikinn var tólf hundruðir og tíundaðist fjórum tíundum. Ábúandinn var Ingimundur Magnússon. Landskuldin var fjórar vættir fiska í kaupstað og hafði verið það svo lengi sem menn mundu. Leigukúgildin voru fjögur og greiddust leigur í smjöri í kaupstað eða til Selárdalskirkju. Engar kvaðir voru þá á jörðinni. Kvikfénaður voru fjórar kýr, ein tvívetra kvíga, eitt veturgamalt naut, tuttugu og þrjár ær, sextán sauðir tvívetra og eldri og tuttugu og einn sauðir veturgamlir, tuttugu og tvö lömb og ein unghryssa. Jörðin gat fódrað fjórar kýr. Útigangur var talinn í betra lagi, þó var torfrista og stunga lök og varla nýtandi. Fjalldrapi var notaður til hitunar ásamt taði frá kvikfénaði. Reki hafði ekki heppnast síðustu ár, eins og á jörðunum í kring. Bæjarlækurinn grandaði túninu með aur og sandi og var bærinn í raun ekki öruggur fyrir ágangi bæjarlæksins, en lækurinn hafði fyllt fjósið fyrir nokkrum árum af vatni. Skriður úr fjallinu spilltu engjum stórlega og höfðu eyðilagt flest þeirra. Úthagarnir voru svo stórlega skriðurunnir og uppblásnir. Kvikfé var í hættu fyrir grjóthruni og snjóflóðum. Vatnsból brást stundum um vetur en vatnsvegur var þó ekki langur en hann var ófær nema á háfjöru. Heimræði á Krosseyri var um Sperlahlíð.⁵

Sagt var að í fjallinu ofan við Krosseyri hafi fundist lítilfjörlegt af surtarbrandi sem hefði mátt nýta til kyndingar.⁶

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 fékk Krosseyri númerið 210 og var jörðin enn í eigu Selárdalskirkju, dýrleiki hennar var 12, landskuldin 0,50, kúgildin 3 og ábúendur voru einn leigjandi.⁷

⁴ Sigurður Vigfússon, 1884, bls. 67-68

⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 387-388

⁶ Þorvaldur Thoroddsen, 1888, bls. 59

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 187

Krosseyri fór í eyði árið 1945 en var lengi nytjuð frá Bíldudal. Landamerki jarðarinnar voru: að innan verðu svokallað Stapagil, að utanverðu Djúpseyrará, að öðru leyti réð fjallsbrún, sem vötnum hallaði til Geirþjófsfjarðar og sjór. Krosseyri var talið nytjagott kot og vel til fallið fyrir sauðfjárrækt. Þá var talið að hlíðin milli Krosseyrar og Botns hafi fyrr á tímum verið þakin skógi og kjarngresi, en grjóthrun og skriðuhlaup hafi eytt gróðri hennar að verulegu leyti. Túnið gaf vel af grasi og útbeit var ágæt. Langur sólargangur og kjarngott beitiland gerði það að verkum að sauðfé varð mjög vænt en þurfti ekki að hafa mikið fyrir fóðri fyrir það. Samgöngur verða allar að fara fram á sjó þar sem ekki er fært að gera veg að Krosseyri.⁸



Mynd 4 - Drónamynd af nær öllu skráningarsvæðinu.

⁸ Jón G. Jónsson, 1952, bls. 79-82

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jón G. Jónsson. (1952). Krosseyri í Suðurfjarðarhreppi. (J. K. Ísfeld, Ritstj.) *Árbók Barðastrandarsýslu 1951(IV)*, 79-82.

Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn. (1946). *Sturlunga Saga* (B. II). Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Kristján Jónsson. (1942). *Barðstrendingabók*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Sigurður Vigfússon. (1884). Rannsókn um Vestfirði 1882 einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1883*, 1-70.

Þorvaldur Thoroddsen. (1888). Ferðasaga frá Vestfjörðum. *Andvari - Tímarit hins íslenska þjóðvinafélags*, 49-93.

6. FORNLEIFASKRÁ

Númer: 2834-001

Hlutverk: Bátaskýli?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298630.1 N: 581762.9

Lengd: 12.5m

Breidd: 11.6m

Hæð veggja: 0.1 – 1.2m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Rof

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Við fjöruborðið yst á Krosseyri.

Minjalýsing: Grjóthlaðin rúst með steypu á köflum.


Tóftin er opin í vestur. Timbur og bárujárn í

tóftinni. Tóftin er vel greinanleg og er líklega ung.

Veggjahæð er frá 0.1 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.



Mynd 5 - Horft í NV yfir tóft 2834-001



Mynd 6 - Uppmæling af tóft 2834-001

Númer: 2834-002

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298646.2 N: 581813.8

Lengd: 19.7m

Breidd: 17.3m

Hæð veggja: 0.5 – 1.5m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei


Staðhættir: Á eyrinni á Krosseyri, um 30m SA við uppistandandi íbúðarhús á Krosseyri.

Minjalýsing: Bæjarrústir Krosseyrar, a.m.k. 3 rými sjáanleg, eitt þeirra er enn uppistandandi og búið er að reisa þak yfir það og það nýtt sem eldiviðar-geymsla. Veggjahæð er frá 0.5 – 1.5m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.2m og tóftin er vel grasi gróin.

Tóftin er innan byggingarreits 2 á deiliskipulaginu.



Mynd 7 - Horft að uppistandandi rými í bæjartóftum 2834-002.



Mynd 8 - Uppmæling af bæjartóftum 2834-002. Matjurtagarður 2834-004 er fast austan við tóftina.

Númer: 2834-003

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 298647.2 N: 581780.5

Lengd: 33m

Breidd: 1m

Hæð veggja:

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Rof

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Við fjöruborðið á austanverðri Eyrinni, líklega hefur garðurinn náð utan um alla eyrina en er horfinn vegna ágangs sjávar.

Minjalýsing: Varnargarður, í rofabarðinu á eyrinni. Hruninn á köflum og stór hluti hans er horfinn í sjóinn. Veggjahæð er frá 0 – 0.6m og breiddin er að jafnaði um 1m.



Mynd 9 - Horft að varnargarði 2834-003.

Númer: 2834-004

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðsetning: A: 298650.0 N: 581804.0

Lengd: 21.6m

Breidd: 12.1m

Hæð veggja:

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Fast austan við bæjartóftir Krosseyrar 2834-002.

Minjalýsing: Matjurtagarður um 20x12m. Ekki er hlaðið utan um matjurtagarðinn en hann er á aðeins lækkuðu og sléttuðu svæði fast austan við bæjartóftir Krosseyrar.

Matjurtagarðurinn er innan byggingarreits 2 á deiliskipulaginu.



Mynd 10 - Horft suður yfir matjurtagarð 2834-004

Númer: 2834-005

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298690.8 N: 581888.7

Lengd: 15.4m

Breidd: 12.7m

Hæð veggja: 0.7 – 1.3m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:


Friðlýst: Nei

Staðhættir: Í hliðinni ofan við bæjartóftir 2834-002. Um 90m NA við uppistandandi íbúðarhús.

Minjalýsing: Fjárhús, grjóthlaðið. Fjárhúsið er opið í suður, steipt fjárböð austan megin í því og fóðurbekkir á báðum hliðum. Veggjahæð er frá 0.7 – 1.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.2m.



Mynd 11 - Horft í NA yfir fjárhús 2834-005



Mynd 12 - Uppmæling af fjárhúsi 2834-005

Númer: 2834-006

Hlutverk: Túnahreinsun

Tegund: Steinalögn

Staðsetning: A: 298667.0 N: 581903.0

Lengd: 4m

Breidd: 3.3m

Hæð veggja: 0.3m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei


Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Í hlíðinni um 20m vestan við fjárhústóft 2834-005.

Minjalýsing: Grjóthrúga, steinunum hefur verið safnað saman við túnahreinsun.



Mynd 13 - Horft í suður yfir grjóthrúgu 2834-006



Mynd 14 - Horft í austur yfir grjóthrúgu 2834-006

Númer: 2834-007

Hlutverk: Fjánhús og hlaða

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298656.8 N: 581911.0

Lengd: 10.6m

Breidd: 5.8m

Hæð veggja: 0.2 – 0.7m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei


Staðhættir: Í hlíðinni um 85m NNA við uppistandandi íbúðarhús og um 30m V við fjánhús 2834-005.

Minjalýsing: Fjánhús og með áfastri hlöðutóft. Úr

torfi og grjóti og opin í suður. Tóftin er vel gróin og töluvert sýnin. Veggjahæð er frá 0.2 – 0.7m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1m.



Mynd 15 - Horft í norður yfir fjánhús 2834-007



Mynd 16 - Uppmæling af fjárhúsi og hlöðu 2834-007

Númer: 2834-008

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: A: 298658.7 N: 581924.9

Lengd: 6.1m

Breidd: 5.4m

Hæð veggja:

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Um 4m norðan við fjárhús 2834-007.

Minjalýsing: Óregluleg hringlaga þúst. Hún er vel þýfð og það finnst fyrir grjóti í þúfunum.



Mynd 17 - Horft suður yfir þúst 2834-008

Númer: 2834-009

Hlutverk: Kartöflukofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298611.6 N: 581927.7

Lengd: 6.8m

Breidd: 4.5m

Hæð veggja: 1 – 1.2m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Framkvæmda

Friðlýst: Nei


Staðhættir: Í hlíðinni um 90m norðan við uppistandandi íbúðarhús.

Minjalýsing: Kartöflukofi úr torfi og grjóti með mögulegan inngang í suðri. Veggjahæð er frá 1 - 1.2m og veggjabreidd að jafnaði um 1.3m.

Tóftin er innan byggingarreits 4 á deiliskipulaginu.



Mynd 18 - Horft í NA að kartöflukofa 2834-009



Mynd 19 - Uppmæling af kartöflukofa 2834-009

Númer: 2834-010

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðsetning: A: 298606.4 N: 581934.3

Lengd: 13m

Breidd: 10m

Hæð veggja:

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Fast vestan við kartöflukofa 2834-009.

Minjalýsing: Matjurtagarður, sléttað svæði við kartöflukofa 2834-009. Mögulega er garðurinn stærri en hann var mældur og gæti hafa náð að garðlagi 2834-012.



Mynd 20 - Horft norður að matjurtagarði 2834-010

Númer: 2834-011

Hlutverk: Túnahreinsun

Tegund: Steinalögn

Staðsetning: A: 298617.1 N: 581910.7

Lengd: 2m

Breidd: 2m

Hæð veggja: 0.2m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hættu

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Um 15m S við kartöflukofa 2834-009.

Minjalýsing: Hringlaga grjóthrúga, grjótinu hefur verið safnað saman þegar rutt var fyrir matjurtagarði 2834-010.



Mynd 21 - Horft austur yfir grjóthrúgu 2834-011

Númer: 2834-012

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 298594.8 N: 581919.1

Lengd: 34.6m

Breidd: 1.2m

Hæð veggja: 0 – 0.4m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei


Staðhættir: Garðlagið er um 20m SV við kartöflukofa 2834-009 og um 65m N við uppistandandi íbúðarhús.

Minjalýsing: L laga garðlag sem hefur verið utan um matjurtagarð. Garðlagið er úr torfi og grjóti, veggjahæðin er frá 0 – 0.4m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1.2m. Garðlagið er töluvert sigið. Tóft 2834-014 er áföst NV hlið garðlagsins.

Garðlagið er innan byggingarreits 4.



Mynd 22 - Horft suður yfir garðlag 2834-012



Mynd 23 - Uppmæling af garðlagi 2834-012

Númer: 2834-013

Hlutverk: Túnahreinsun

Tegund: Steinalögn

Staðsetning: A: 298597.0 N: 581905.5

Lengd: 2m

Breidd: 1.5m

Hæð veggja: 0.2m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Grjóthrúgan er fast sunnan við garðlag 2834-012.

Minjalýsing: Grjóthrúga eftir að matjurtagarður 2834-010 var ruddur.



Mynd 24 - Horft austur yfir grjóthrúgu 2834-013

Númer: 2834-014

Hlutverk: Kartöflukofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298596.4 N: 581923.0

Lengd: 7m

Breidd: 3.5m

Hæð veggja: 0.1 – 0.4m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei


Staðhættir: Tóftin er áföst NV enda garðlags 2834-012.

Minjalýsing: Tóft með tveimur hólfum úr torfi og grjóti. Tóftin er áföst garðlagi 2834-012 og töluvert er hrúnið inn í hana. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.4m og veggjabreiddin er að jafnaði um 0.5m.

Tóftin er innan byggingarreits 4.



Mynd 25 - Horft suður yfir tóft 2834-014



Mynd 26 - Uppmæling af tóft 2834-014

Númer: 2834-015

Hlutverk: Túnahreinsun

Tegund: Steinalögn

Staðsetning: A: 298581.2 N: 581939.4

Lengd: 3m

Breidd: 2.2m

Hæð veggja:

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Grjóthrúgan er um 20m vestan við tóft 2834-014.

Minjalýsing: Grjóthrúga eftir að matjurtagarður 2834-010 var ruddur.

Grjóthrúgan er innan byggingarreits 4.



Mynd 27 - Horft vestur yfir grjóthrúgu 2834-015

Númer: 2834-016

Hlutverk: Naust

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298570.0 N: 581867.7

Lengd: 7.4m

Breidd: 6.1m

Hæð veggja: 0.3 – 0.5m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Framkvæmdir og rof

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Naustið er við fjöruborðið á vestanverðri eyrinni, um 40m NV við uppistandandi íbúðarhús.

Minjalýsing: Naust, grasi gróið. Naustið er opið í SV og töluvert sigið. Veggjahæð er frá 0.3 – 0.5m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1.1m. Naustið gæti verið fornt. Þegar Sigurður Vigfússon var á Krosseyri árið 1882 sagði hann að naustið væri fornt og að það væri að öllum líkindum naustið sem Aron Hjörleifsson hafði verið að gera að báti sínum þegar ráðist var á hann.

Naustið er innan byggingarreits 5.



Mynd 28 - Horft austur yfir naust 2834-016

Númer: 2834-017

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 298579.2 N: 581851.8

Lengd: 3m

Breidd: 2.7m

Hæð veggja: 1 – 1.3m

Ástand: Heillegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Tóftin er um 25m NV við uppistandandi íbúðarhús.

Minjalýsing: Hálf-uppistandandi tóft úr torfi og grjóti. Reipi og dekkjadrasl innan í henni.

Timburverkið í tóftinni er enn til staðar. Inngangurinn er í suðri.



Mynd 29 - Horft í norður yfir tóft 2834-017

Númer: 2834-018

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðsetning: A: 298639.5 N: 581800.9

Lengd: 43.1m

Breidd: 26.4m

Hæð veggja:

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Bæjarhóllinn er um 30m SA við uppistandandi íbúðarhús á Krosseyri.

Minjalýsing: Bæjarhóll gamla bæjarins á Krosseyri.

Bæjarhóllinn er innan byggingarreits 2.



Mynd 30 - Uppmæling af bæjarhól 2834-018



Mynd 31 - Drónamynd af bæjarhól 2834-018

7. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru 18 minjar skráðar innan deiliskipulagssvæðisins á Krosseyri og teljast 10 þeirra í hættu annaðhvort vegna rofs eða fyrirhugaðra framkvæmda þar sem þær lenda inn á byggingarreit.

NÚMER	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR	HÆTTUMAT	ORSÖK
2834-001	tóft	óþekkt	1850-1950	hætta	rofs
2834-002	tóft	híbýli	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-003	garðlag	varnargarður	1550-1900	mikil hætta	rofs
2834-004	jarðræktarsvæði	matjurtagarður	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-005	tóft	fjárhús	1550-1900	engin hætta	
2834-006	steinalögn	túnahreinsun	1550-1900	engin hætta	
2834-007	tóft	fjárhús og hlaða	1550-1900	engin hætta	
2834-008	þúst	óþekkt	1550-1900	engin hætta	
2834-009	tóft	kartöflukofi	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-010	jarðræktarsvæði	matjurtagarður	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-011	steinalögn	túnahreinsun	1550-1900	engin hætta	
2834-012	garðlag	matjurtagarður	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-013	steinalögn	túnahreinsun	1550-1900	engin hætta	
2834-014	tóft	kartöflukofi	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-015	steinalögn	túnahreinsun	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-016	tóft	naust	800-1900	mikil hætta	framkvæmda
2834-017	tóft	óþekkt	1550-1900	engin hætta	
2834-018	hóll	bæjarhóll	800-1900	mikil hætta	framkvæmda

Tafla 1 - Tafla yfir skráðar minjar, tegund þeirra og hlutverk, áætlaðan aldur, hættumat og hættuorsök

Bæjarhóll (2834-018) og bæjartóftir (2834-002) gamla Krosseyrabæjarins lenda innan byggingarreits 2 á deiliskipulaginu og verður að sýna mikla aðgát ef ráðist verður í framkvæmdir á þessu svæði. Samkvæmt lögum um menningarminjar hafa fornleifar 15 metra friðhelgað svæði í kring um sig og nær það út fyrir byggingarreitinn, þannig allar framkvæmdir á þessu svæði yrðu háðar leyfisveitingu frá Minjastofnun Íslands.



Mynd 32 - Bæjarhóllinn og tóftir innan byggingarreits 2

Minjar 2834-009, -010, -012, -014 og -015 eru allar innan byggingarreits 4 á deiliskipulaginu, nánar til tekið í SV horni reitsins og þar þyrfti einnig að sýna aðgát ef til framkvæmda kemur á svæðinu,


Naust 2834-016 er inn á miðjum byggingarreit 5 og ef það á að komast hjá því að fara í kostnaðarsamar fornleifarannsókn þyrfti að færa byggingarreitinn. Naustið gæti verið frekar fornt og vilja sumir fræðimenn meina að það hafi komið fram í Sturlungasögu.

Mjög æskilegt væri að hafa framkvæmdaefirlit þegar til framkvæmda kemur til þess að tryggja að minjarnar myndu ekki skemmast og einnig er landsvæði til bygginga lítið og líklegt að undir sverði séu minjar sem ekki sér stað á yfirborði. Erfitt er að

koma gröfu á svæðið enda engin vegur að bænum og allt efni og menn þarf að koma með bátum. Lagt er til að þegar til jarðrasks kemur verði fornleifafræðingur á staðnum enda möguleiki á að minjar séu í túninu sem ekki sjást á yfirborði. Með því að staðsetja byggingar frá þeim minjum sem skráðar eru í þessari skýrslu og hafa fornleifafræðing á staðnum þegar tekst að koma gröfu á svæðið væri hægt að koma í veg fyrir að minjar röskuðust við fyrirhugaðar framkvæmdir.



Mynd 33 - Minjarnar innan byggingarreits 4



Mynd 34 - Naust 2834-016 innan byggingarreits 5

NÚMER	HLUTVERK	HÆTTUORSÖK	TILLAGA AF MÓTVÆGISADGERÐ
2834-002	Híbyli	Framkvæmda	Lagt er til að reiturinn verði færður annars þyrfti að kanna eðli og umfang minjanna
2834-004	Matjurtagarður	Framkvæmda	Framkvæmdaeftirlit
2834-009	kartöflukofi	Framkvæmda	Framkvæmdaeftirlit
2834-010	Matjurtagarður	Framkvæmda	Framkvæmdaeftirlit
2834-012	Matjurtagarður	Framkvæmda	Framkvæmdaeftirlit
2834-014	Kartöflukofi	Framkvæmda	Framkvæmdaeftirlit
2834-015	Túnahreinsun	Framkvæmda	Framkvæmdaeftirlit
2834-016	Naust	Framkvæmda	Lagt er til að reiturinn verði færður annars þyrfti að kanna eðli og umfang minjanna
2834-018	Bæjarhóll	Framkvæmda	Framkvæmdaeftirlit eða könnunarskurður til að kanna eðli og umfang

Tafla 2 - Listi af þeim minjum sem talðar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og tillögur af mótvægisáðgerðum

Mkv: 1 : 4,000 (A2)



Skýringar

- Staðsetning minja
- Vatnsverndarsvæði
- Mælingar - flákar
- Skipulagssvæði
- Byggingarreitir



Fornleifar sem voru skráðar á Krosseyri vegna deiliskipulags.
Mælikvarði: 1:2700 Dags. 4.11.2022 Kort 1
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson